

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

nr. 2/1996 um verðupplýsingar veitingahúsa.

1. gr.

Þeir sem veitingarekstur stunda skulu festa upp verðskrá á áberandi stað fyrir framan inngöngudyr veitingastaða sinna. Í verðskránni skal koma fram verð á algengustu vöru og þjónustu sem í boði er.

Þar sem upplýsingar um verð á drykkjarföngum koma fram skal einnig tilgreina magn.

Uppgefið verð skal í öllum tilvikum vera endanlegt verð með virðisaukaskatti og þjónustugjaldi.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna Samkeppnisstofnunar nr. 6/1994, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Samkeppnisstofnun, 25. september 1996.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.